

Nd.

124. Frumvarp til laga

[102. mál]

um heimild til erlendrar lántöku vegna opinberra framkvæmda á árinu 1976.

(Lagt fyrir Alþingi á 97. löggjafarþingi 1975.)

1. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að taka erlent lán að fjárhæð allt að 3 580 millj. kr. sem varið skal til framkvæmda í samræmi við ákvæði fjárlaga fyrir árið 1976.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í athugasemdum með fjárlagafrumvarpi fyrir árið 1976, bls. 174, er rakið að hve miklu leyti lagaheimildir til ráðgerðra lántaka samkvæmt fjárlagafrumvarpinu eru fyrir hendi í sérstökum lögum, og í frumvarpinu sjálfu, 6. gr., er leitað heimilda til lántaka innanlands. Þar er og boðað að fyrir haustþingið muni lagt sérstakt frumvarp um heimild til sérstakrar erlendrar lántöku sem á vantar, en ekki er talið að heimildir í fjárlögum nægi til að taka erlend lán. Það frumvarp, sem hér er lagt fram, er þannig ætlað til að tryggja nægar lagaheimildir vegna þeirra opinberu framkvæmda á fjárlögum sem ráðgert er að fjármagna með lánum. Sú fjárhæð, sem frumvarp þetta gerir ráð fyrir, miðast við fyrirhugaðar framkvæmdir í fjárlagafrumvarpi, sbr. skýringar í athugasemdum fjárlagafrumvarps, bls. 178, en fjárhæðin kann að breytast þegar endanlegar ákvarðanir verða teknar um þessar framkvæmdir. Í lánsfjáráætlun þeirri, sem lögð verður fyrir þingið, verður gerð nánari grein fyrir einstökum framkvæmdum, sem ætlað er að fjármagna með lánum, og verður þannig ljóst fyrir afgreiðslu fjárlaga hver þessi viðbótarlánsheimild til erlendrar lántöku þarf að vera.